



Komandi kjarasamningar – misjöfn staða hópa

Löngu samningstímabili að ljúka

Gildandi kjarasamningar renna út í lok nóvember og þá verður nær allur vinnumarkaðinn án samninga. Mikil óvissa ríkir í efnahagsmálum um þessar mundir, óvissa í ríkisfjármálum, fjárlagafrumvarp ekki komið fram, hagræðingarnefndir að störfum og við því að búast að um einhvern niðurskurð verði að ræða í opinberum rekstri. Útkoma alls þessa mun eflaust hafa áhrif á vinnu við kjarasamninga og niðurstöðu þeirra. Niðurstæða kjarasamninga og samspil þeirra við aðra þætti efnahagslífsins mun skipta verulegu máli fyrir efnahagsþróun næstu ára.

Töluverðar launahækkningar undanfarin misseri hafa ekki nýst nægilega til kaupmáttaraukningar sem að einhverju leyti má skýra það með lítilli framleiðniaukningu vinnuafls. Ljóst virðist að svigrúm til launahækkana er takmarkað og því líklegt að fleiri leiða verði leitað til þess að bæta kjör launafólks.


Þá er ákjósanlegt að samið verði til nokkuð langs tíma. Óvissan í efnahagslífinu er mikil og því mikilvægt að draga eins og unnt er úr óvissu á vinnumarkaði.

Kaupmáttaraukningin hefur stöðvast


Kaupmáttur launa er nú á svipuðum stað og á árinu 2005 en hefur aukist nokkuð frá botni í upphafi ársins 2010. Kaupmáttur jókst nokkuð í kjölfar kjarasamninga um mitt ár 2011, en síðan hefur hægt mikið á þróuninni. Almennu kjarasamningarnir frá maí 2011 fólu að margra mati í sér of miklar launahækkningar enda hefur reyndin verið sú að kaupmáttur hefur ekki aukist að marki síðan þrátt fyrir töluverðar launahækkningar.

Launavísitalan hefur nú hækkað um rúm 19% frá upphafi ársins 2011 sem hlýtur að teljast mikið miðað við þær efnahagslegu aðstæður sem ríkja hér á landi. Hækkningar á verðlagi, m.a. vegna þessara


Kaupmáttur launa frá 2001



Kaupmáttur launa frá 2008



Launabróun og kaupmáttur





launahækkana, hafa orðið til þess að kaupmáttur hefur einungis aukist um 5% á sama tíma.

Sé miðað við verðbólguþá Hagfræðideildar Landsbankans til loka samningstímans og hóflega hækkun launavísitölu á næstu mánuðum er ekki ólíklegt að kaupmáttur verði u.þ.b. 4% hærri í lok samningstímans en hann var í upphafi ársins 2011, og næstum sá sami og í upphafi þessa árs.

Undirbúningur kjarasamninga að hefjast

Umræðan um kjaramál er smám saman að aukast og má þar nefna nýjar upplýsingar um kynbundinn launamun meðal opinberra starfsmanna auk þess sem stjórnvöld hafa nú þegar fundað með stærstu samningsaðilum. Staða hinna ýmsu hópa er mismunandi og því má ætla að samanburðarfræðin fari að verða meira áberandi í umræðunni.

Almenni markaðurinn á undan

Þegar þróun kaupmáttar opinberra starfsmanna og starfsfólks á almennum markaði er borin saman kemur í ljós að kaupmáttur á almennum markaði hefur aukist töluvert meira en hjá opinberum starfsmönnum frá upphafi ársins 2011. Sé litið á opinbera starfsmenn innbyrðis sést að kaupmáttur starfsmanna sveitarfélaga hefur þróast með nokkuð lakari hætti en hjá ríkisstarfsmönnum, sem aftur eru ekki svo langt frá almenna markaðnum.

Sérfræðingar og skrifstofufólk standa best


Sé litið á þróun einstakra starfstétta kemur í ljós að kaupmáttur skrifstofufólks og sérfræðinga hefur aukist mest frá ársbyrjun 2011. Kaupmáttur stjórnenda og iðnaðarmanna hefur að sama skapi aukist minnst.

Þetta kemur ekki á óvart hvað iðnaðarmenn varðar, enda hafa framkvæmdir á undanförunum misserum verið af skornum skammti og staða iðnaðarmanna á vinnumarkaði því verri en oft áður.

Fjármálaþjónusta með sérstöðu


Hvað atvinnugreinar varðar sést að fjármálaþjónusta (bankar, lífeyrissjóðir og tryggingafélög) er með nokkra sérstöðu. Kaupmáttur í þessari grein hefur aukist um rúm 14% á tveimur og hálfu ári. Það kemur vel heim og saman við tölurnar fyrir sérfræðinga og skrifstofufólk sem eru fjölmennir hópar í

Kaupmáttur hópa á 2. ársfjórðungi 2013




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttur á 2. ársfj. 2013 eftir starfsstétt



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttur á 2. ársfj. 2013



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild
Lárétta línan sýnir meðaltal allra greina




fjármálaþjónustu. Kaupmáttur í samgöngum og flutningum hefur einnig aukist umfram aðrar greinar. Að sama skapi hefur kaupmáttur aukist minnst í byggingum og mannvirkjagerð, sem kemur vel heim og saman við kaupmátt iðnaðarmanna sem einkum starfa í þeim greinum.

Lengra tímabil segir aðra sögu

Sé hins vegar litið yfir lengra tímabil og þróunin skoðuð frá upphafi ársins 2008 kemur í ljós að kaupmáttur nú er lægri en í upphafi árs 2008 í öllum greinum nema í samgöngum og flutningum. Mesta fallið er eftir sem áður í byggingum og mannvirkjagerð þar sem kaupmáttur er um 13% lægri en var í upphafi ársins 2008. Aðrar greinar en þessar tvær eru á nokkuð svipuðu róli.

Þróun kaupmáttar frá 1. ársfj. 2008



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.